

Þriðjudaginn 19. maí 1981.

Nr. 115/1981. Ákærvaldið

gegn

Þorláki Víkningi Þórðarsyni.

Kærumál. Úrskurður um synjun á gæsluvarðhaldi staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Logi Einarsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að varnaraðilja verði samkvæmt heimild í 1. og 4. tl. 1. mgr. 67. gr. nefndra laga gert að sæta framlengdu gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 27. maí 1981, kl. 1700.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Mál þetta er kært innan lögmæltis frests.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann, enda verður ekki séð, að rannsóknarnauðsynjar séu til að beita frekara gæsluvarðhaldi en þegar hefur verið gert.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. maí 1981.

Ár 1981, miðvikudaginn 13. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinsyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi:

Málavextir eru þessir:

Þann 15. apríl sl. var lögreglan kvödd að húsi nr. 14 við Ferjubakka í Reykjavík, en þar lá maður að nafni Sigurður Sævar Jónsson meðvitundarlaus á gólfi í svefnherbergi í íbúð á 2. hæð til hægri. Var hann blóðugur á höfði og var fluttur á slysadeild

Borgarspítalans í Reykjavík, þar sem hann lést þann 16. apríl sl., kl. 0915.

Kærði, Þorlákur Víkingur Þórðarson, hefur við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins játað að hafa veitt Sigurði Sævari áverka þá, sem talið er, að hafi dregið hann til dauða. Kærða var með úrskurði sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum þann 16. apríl sl., gert að sæta gæsluvarðhaldi til dagsins í dag, kl. 1700. Jafnframt var kærða gert að gangast undir geðheilbrigðisrannsókn á gæsluvarðhaldstímanum.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald kærða verði framlengt til miðvikudagsins 27. maí nk., kl. 1700. Í greinargerð um kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins segir, að geðrannsókn sé nýhafin.

Dómurinn lítur svo á, að þótt geðrannsókn sé nýhafin, sé rannsókn máls þessa það vel á veg komin, að ekki séu lengur fyrir hendi skilyrði 1. tl. 67. gr. laga 74/1974 til að skerða frelsi kærða, enda er ekkert því til fyrirstöðu að ljúka geðrannsókn, þótt kærði hafi óskert frelsi sitt. Þar sem ekki verður séð af gögnum máls, að 2.—6. tl. 67. gr. laga 74/1974 eigi við um kærða, ber að hafna kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um, að framlengt verði gæsluvarðhald kærða.

Úrskurðarorð:

Kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um framlengingu gæsluvarðhalds Þorláks Víkinga Þórðarsonar er hafnað.
